



JARÐFRÆÐISRANNSÓKNIR SUMARIÐ 1910

(Samtal í Lögréttu)

Dr. Helgi Pjeturss jarðfræðingur er nýkominn úr þriggja mánaða ferðalagi í jarðfræðisrannsókn-erindum. Hann hefir ferðazt um suðvesturfjórðung landsins, frá Jökulsá á Sólheimasandi að austan, upp að Langjökli og allt vestur í Grímsnes.

Hann er mjög ánægður með hinn vísindalega árangur af þessu ferðalagi, kveðst aldrei hafa ferðazt með betri árangri, og er þá mikið sagt, því að hann hefir áður, eins og kunnugt er, komið með merkar vísindalegar nýjungar heim úr rannsókn-arferðum sínum.

Mjög merkilegar menjar hefir hann fundið um loftslags-breytingar eftir ísöld og þýðingu þeirra fyrir landslagið, einkum austan til á Suðurlandsundirlendinu. Um þetta ætlar hann að rita bráðlega. En aðaldrættirnir eru þessir: Eftir ísöld, þegar loftslag hafði verið um hríð miklu mildara en áður, hefir kólnað aftur og stór jökull hefir gengið niður á láglendið vestan við Vatnsdalsfjall og Þríhyrning, líkt og jöklarnir, sem ganga niður á sandana í Skaftafellssýslunum enn þann dag í dag, og vatnið úr þessum jökli hefir skapað Rangárvellina. Við endann á jöklinum hlóðust upp háir malargarðar, en fyrir innan varð stöðuvatn, er jökullinn bráðnaði. Þegar svo fór að gjósa fyrir ofan, fylltist þetta vatn af hraunum, en þau stöðvuðust við jökulgarðana fornu, svo að það er þessum gamla jökli að þakka, að landið þarna fyrir neðan er ekki allt hraunum hulið. Safamýri má

meðal annars þakka þessum jökli, eða skoða hana sem gjöf hans, því að þar hefir sezt fyrir jökulleirinn, sem beztan þátt á í því hér á landi að gera jarðveginn frjósaman. En jökulöldurnar hafa hins vegar varnað því, að hraunflóðin rynnu yfir landið, eins og drepíð var á hér á undan. Mismunurinn á Rangárvöllum og Flóanum á mest rót sína að rekja til þessa jökuls.

Dr. Helgi Pjeturss gekk upp á Heklu og skoðaði hana og fjöllin þar í kring, til þess meðal annars að athuga það, hvort nokkurn vott mætti sjá þess, að hún væri að búa sig undir gos, eins og margir héldu af því, hve þar var óvanalega snjóbert nú í sumar. En ekki var auðið að sjá, að neitt væri að hitna í henni. Hin óvanalegu hlýindi gera aftur á móti fulla grein fyrir snjóleysinu, enda hafði mest bráðnað snjórinn þar, sem sólar naut bezt, meira sunnan í fjallinu en norðan í móti, og sýnir það meðal annars, að hitinn, sem bræddi, kom að utan, en ekki að innan. Jarðskjálftakippir, smáhræringar, sem oft varð vart við í júlímánuði, geta stafað af eldsumbrotunum eystra, og sömuleiðis hið einkennilega veðurfar sunnanlands í sumar, sunnanátt samfara hárrí stöðu loftþyngdarmælis.

Upp á Tindafjallajökul gekk dr. Helgi Pjeturss og fann, að bergtegundirnar eru þar aðrar en menn hafa áður haldið. Þar fann hann og uppi á hájöklinum nýlega eldgígi, — þ. e. a. s. ekki mörg þúsund ára gamla. Þar er líka eins konar hrafntinnuhryggur, mjög stórkostlegur. Var þar illt að ferðast sums staðar, því þar voru stórgrýtisurðir, sem komust allar á hreyfingu, er þeir dr. Helgi Pjeturss og förunautur hans klifruðu þar um.

Austurdalur heitir dalur, sem gengur niður frá Tindafjalla-jökli, og er það bezti bletturinn á afrétt Rangvellinga. Þetta er líklega grösugasti háfjalladalurinn á landinu, og er hann eigi aðeins bezti bletturinn á afrétt Rangvellinga, heldur og að mörgu fróðlegur fyrir vísindamenn. Það er eins og náttúran hafi þar verið að gera tilraun með það, hve hátt yfir sjó gæti orðið frjósamur jarðvegur hér á landi, því dalurinn hefir stíflazt við eldgos þannig, að kastað hefir verið fjallgarði yfir dalinn þveran og varð þar djúpt vatn fyrir ofan, þegar áin stíflaðist, sem eftir dalnum rann, og bar jökullinn mikið af leir í vatnið. Því næst voru rist nokkur hundruð feta djúp gljúfur og hleypt af vatninu. Eru þau gljúfur einhver hin stórkostlegustu, sem til

eru á landi hér. En síðan hefir dalurinn gróið, og það svo vel, að menn furðar á að sjá slíkan gróður í þeirri hæð, því að dalbotninn mun vera um 2000 fet yfir sjávarmál, en á slíkri hæð er hér á landi annars sama sem enginn grasgróður, aðeins mosar og einstöku harðgerar jurtir.

Þá rannsakaði hann og Eyjafjöllin. Þar í hálendisröndinni má fá góðar upplýsingar um, hvernig liggur í landinu, því þar hefir stórbrim nagað rætur fjallanna, svo að margt er bert, sem áður var hulið. Mjög fróðlegt er Drangshlíðarfjall, gamalt eldfjall með mörgum gígum, og hafa jöklar og snjór umturnað því og nagað utan af því svo mjög, að erfitt er að sjá, að það hafi nokkurn tíma verið eldfjall. Bærinn Skarðshlíð stendur í gömlum eldgíg og hefir skjól af þeim hluta gígsveggisins, sem eftir er, en jöklar og sjór hafa sagað hann sundur.

Á hálendinu fyrir neðan Eyjafjallajökul og Mýrdalsjökul eru margir eldgígar og sumir nýlegir. Vestmannaeyjar eru þyrping af eldgígum, mikið eyddum af sjó, frá sama tíma og gígar þessir á meginlandinu, sem hér hefir verið talað um. Stóra Dímon, fjallið, sem rís upp úr Markarfljótsdalnum og í Njálu er kallað Rauðuskriður (þar sem Njálssynir sátu fyrir Þráni), má í jarðfræðilegum skilningi telja hina elztu af Vestmannaeyjum. Það er eftirtektarvert, að fjall þetta hét í fornöld Rauðuskriður, nafn, sem nú má undarlegt virðast, þar sem fjallið er nú grasgróið, nema þar sem þverhníptir hamrar eru. En þetta virðist auðskilið, er menn gæta þess, að þá lá allt fljótið austan til í dalnum og hefir þá líklega skömmu áður nagað svo um ræturnar á Dímon, að þar stóð ekki við jarðvegur og varð skriða fyrir ofan.

Það er margt fleira, sem segja mætti af nýjum uppgötvunum í þessari för, en verður ekki skýrt nema í löngu máli, enda þyrfti nokkra þekking á jarðfræði hjá lesendum til þess að mönnum gæti skilizt það til fulls.

Það er betur og betur að koma í ljós, segir dr. Helgi Pjeturss, hvílíkt undraland Ísland er fyrir jarðfræðinga, og eftirtekt útlendra jarðfræðinga á því fer sívaxandi.

Nú er verið að gefa út stórt rit á Þýzkalandi, þar sem lýst er jarðfræði ýmsra landa. Er jarðfræðisýsing Íslands komin þar út. Þessi jarðfræðisbók á að verða um 300 arkir í stóru broti og

sjálfsgagt, að þar megi fá mikinn fróðleik. Bókin kemur út í heftum. Tvö hefti eru komin af þessu riti; annað er jarðfræði Danmerkur, eftir Ussing prófessor í jarðfræði við háskólann í Kaupmannhöfn, en hitt jarðfræði Íslands, eftir dr. Helga Pjeturss.

Ekki heldur dr. Helgi Pjeturss að gosin, sem orðið hefir vart við í sumar eystra, séu úr Dyngjufjöllum, eins og getið var til nýlega, heldur úr Vatnajökli. Hann varð ekki var við þessi gos, nema ef setja mætti jarðskjálftakippina, sem áður er um talað, í samband við þau, og svo hina miklu móðu og mistur, sem einnatt var í lofti í sumar og gerði útsýn óglögga af háum fjöllum. Þó getur hann um einkennilegan roða, er hann sá yfir Vatnajökli, af háu fjalli, og kveðst hann þó ekki geta með vissu sett hann í samband við eldgos, enda þótt eigi sæist líkur bjarmi yfir öðrum jöklum.

Ekkert sumar, síðan hann fór að ferðast hér, segir hann hafi verið eins hlýtt og þetta, það er að segja kaflinn, sem sumar mátti heita, þ. e. júlí og ágústmánuðir. Þó var einkum eftirtektarvert, hve næturnar voru hlýjar, og gæti það bent til þess, að hitann mætti að einhverju leyti setja í samband við eldgosin eystra, sem þá væri að skoða eins og nokkurs konar miðstöðvarupphitun á Suðurlandinu.

Gróðrarmagn virðist svo miklu meira undir Eyjafjöllum en annars staðar gerist hér á landi, að manni kemur í hug, hvort ekki mætti takast að rækta þar ýmislegt, sem ekki þroskast annars staðar á landinu, t. d. epli. Þar gæti orðið aldingarður Íslands, segir dr. Helgi Pjeturss.

Septembermánuð ætlaði dr. Helgi Pjeturss að nota til þess að skoða hálendið fyrir ofan Hreppana, en varð lítið ágengt sökum illviðra, er hófust, eftir allt góðviðrið, með byrjun þess mánaðar. Þó fór hann nokkrar smáferðir inn á afréttina. Mikið hey áttu menn úti víðast hvar um austursýslurnar, að minnsta kosti ofan til, um réttir, því framan af september höfðu menn slegið af kappi, í von um bata, en grasvöxtur var orðinn góður síðari hluta sumars. Það er því mikill skaði fyrir búendur, að góðviðrið skyldi ekki endast betur en þetta, því hætt er við, að allmikið af heyjum verði úti. Þriðjudagsmorguninn í

1) Þetta var birt 5. október 1910.

síðastliðinni viku¹ snjóaði svo mikið á láglendi austanfjalls, að allt varð snjóhvítt yfir að líta. Meðfram Ingólfsfjalli hafði færð spillt mikið af snjó, og á Hellisheiði voru smáskaflar.

Dr. Helgi Pjeturss hafðist alltaf við í tjaldi, enda var hann mikinn hluta sumarsins í óbyggðum. Fylgdarmaður hans var unglingspiltur, Kjartan Jóhannesson frá Hlíð í Eystrihrepp, organisti við Núpskirkju.